

við frv. til laga um kornrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir er ræktað svo, að það nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.
2. Við 3. gr.
  - a. 2. tölul. orðist svo:  
Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 ha lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.  
Nú verður kornræktarfélag ekki stofnað, og er þá heimilt að veita einstaklingi sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
  - b. 3. tölul. orðist svo:  
Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, er það semur um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurr og hæft til kornræktar.
  - c. Í stað orðanna „uppskeru þess og meðferð alla“ í 4. tölul. komi: uppskeru, meðferð alla og annað.
  - d. 5 tölul. orðist svo:  
Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.
  - e. Í stað orðanna „Að samningsaðilum beri að skila aftur til þess aðila, er annast“ í 6. tölul. komi: Að samningsaðili skili aftur til þess er annast.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.  
Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.
4. Við 5. gr.
  - a. Í stað 1. másl. 1. tölul. komi tveir másl., svo hljóðandi:  
Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaður til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því sem við á.
  - b. 2. tölul. orðist svo:  
Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta sama framlags úr ríkissjóði á hvern ha við frumvinnslu lands og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.
  - c. 3. tölul. orðist svo:  
Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.
5. Við 7. gr. Fyrri máslíður falli burt.
6. Við 8. gr. Í stað „50000.00“ komi: 100000.00.
7. Við 9. gr. Greinin falli burt.